

Sæl og blessuð.

Ég heiti Helena Sjørup Eiríksdóttir og kem frá Selfossi. Í dag bý ég hins vegar á Akureyri og er í meistaranámi í leikskólakennarafræðum við Háskólann á Akureyri. Ég er ein af þeim fyrstu til að taka þátt í launaða starfsnáminu, aðgerð menntamálaráðherra í fjölgun kennaranema. Ég er í starfsnámi á Heilsuleikskólanum Krógabóli og samhliða því er ég að skrifa meistararitgerðina mína sem fjallar um skráningar og athuganir í leikskólum.

Áhugi minn á leikskólakennarastarfinu kviknaði þegar ég var barn, mér þótti gaman að vera í kringum börn og gekk vel að passa börn annarra. Þegar ég gekk framhjá leikskólanum á leið heim úr skóla fannst mér alltaf svo mikið líf og fjör þar. Ég var hins vegar ekkert búin að ákveða hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór, framhaldsskólalífið var ekki að kveikja neinn sérstakan áhuga hjá mér og ég fann mig illa þar og ákvað ég að fara sem au-pair til Danmerkur.

Eftir heimkomu fór ég aftur í skóla og ekki leið á löngu þar til ég var farin að vinna á leikskóla. Þar fann ég fljótt að ég væri á réttri hillu. Ég

fann að ég náði vel til barnanna og mér gekk vel að ráða við þau verkefni sem mér voru falin. Samstarfsfólk mitt leiðbeindi mér og sá hvað í mér bjó og hvatti mig til þess að sækja mér menntun og efla sjálfa mig sem kennara. Það má því segja að sjálfstraustið mitt í starfi hafi aukist við áhuga þeirra kennara sem ég starfaði með og að sjá þær vinna faglegt og flott starf kveikti skólaáhugann á ný. Ég hóf því ferlið að læra leikskólaliðann í Borgarholtsskóla þar sem ég var ekki komin með nægilegar margar einingar upp í fullgilt stúdentspróf. Þar fann ég mig, áfangarnir og námsefnið var heillandi og ég var staðráðin í því að nú væri ég komin á rétta hillu í lífinu. Eftir útskrift, sótti ég um í Háskólann á Akureyri og hóf blessunarlega þetta frábæra og skemmtilega nám haustið eftir.

Námið í Háskólanum á Akureyri hefur reynst mér vel og hefur gert mig að öflugri og betri kennara. Sýn mín á kennsluhætti og starfið hefur breyst með náminu þar sem þekking og fagmennska mín hefur aukist. Námið er fjölbreytt og hefur undirbúið mig vel undir störf á vettvangi. Ég tel sérstaklega að störf á vettvangi undir leiðsögn reynds kennara skipti sköpum. Í kennaranáminu í HA er lögð rík áhersla á fjölbreytt vettvangsnám og æfingakennslu, þar sem við förum sjaldan og helst aldrei aftur í sömu skólana. Þetta er gert til þess að við kynnumst eins fjölbreyttum og ólíkum stefnum og starfi, eins og hægt er. Fyrirkomulag

og uppsetning vettvangsnáms og æfingakennslu í HA hefur verið gríðarlega mikill lærdómur fyrir mig, ég hef séð margt og kynnst ólíkum stefnum þar sem ég hef farið í vettvangsnám og æfingakennslu á fjórum ólíkum leikskólum víðsvegar á landinu. Ég hef verið innan leikskóla sem er með lágt hlutfall af faglærðum leikskólakennurum en einnig þar sem stórt hlutfall starfsfólksins er faglært starfsfólk. Ég hef því séð og upplifað muninn sem verður á starfinu, eftir fjölda fagfólks.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið, það leggur grunninn. Námið og sú reynsla sem börn fá þar getur haft varanleg áhrif á bæði lífsgæði og námsframvindu þeirra til frambúðar. Það er því gríðarlega mikilvægt að efla og hugsa um innviði og uppbyggingu leikskólanna. Við getum ekki sett allt of mörg börn saman í sama rýmið, við þurfum að huga að plássi fyrir hvert barn til þess að þau geti unað sér í leik og starfi. Þá þarf að huga að hljóðvist og góðri starfsaðstöðu fyrir kennara. Það þarf aukið fjármagn til þess að við getum haldið áfram að hugsa um yngstu kynslóðirnar hverju sinni. Námsumhverfið þarf að vera boðlegt fyrir bæði börn og kennara.

Ein stærsta áskorun okkar í dag er sú hve fáir faglærðir starfsmenn starfa innan leikskólans. Fyrir einhverja er það kannski ekki stórmál og

hugsa með sér “getur ekki hver sem er unnið á leikskóla og er ekki frábært að einhverjir vilji taka það að sér?” Þetta er vandamál sem þarf að bregðast við. Akureyri er það sveitarfélag sem stendur einna best hvað varðar fagmenntaða starfsmenn innan veggja leikskólanna og það er magnað að upplifa og sjá hversu miklu máli það skiptir í raun og veru. Það eru ekki bara þrír til fjórir starfsmenn í húsinu sem hafa réttindi til þess að taka EFI, TRASA eða gera HLJÓM-2.

Þegar skortur er á fagmenntuðu starfsfólki innan veggja skólans, glatast ýmislegt og mikilvægar kennsluáferðir gleymast og jafnvel tynast. Það eru ekki allir sem kunna að greina og hafa vitneskju til að takast á við hin ólíku mál sem upp koma í hinu daglega amstri. Þar sem lítið er um fagfólk, eykst álagið á þeim fáu faglærðu sem eru til staðar. Af reynslunni þá get ég nefnt mun á því að deildarstjóri er faglærður og allir undir honum eru ófaglærðir, sem segir að deildarstjórinn þarf að nýta sinn undirbúning til að vinna að málefnum tengdum öllum barnahópnum á meðan að á öðrum leikskóla sem er vel mannaður af fagfólki og á einni deild eru allir starfsmennirnir sem fá undirbúning og geta skipt með sér verkunum. Undirbúningur er mjög mikilvægur og það er ekkert í hverjum og einum leikskóla þar sem fólk er að fá hann þar sem ekki er til fólk að leysa hann af vegna manneklu. Það er

mikilvægt að undirbúningstímar séu heilagir og að fólk geti gengið að honum. Eins og fólk getur oftast en ekki innan grunnskólans.

Undirmönnun er einnig stórt vandamál í leikskólum í dag og ef það vantar helminginn af starfsfólkinu inn á deild og ekki er mikið um afleysingu þá þurfa hinir sem mættir eru að bretta upp ermar og taka að sér fleiri börn og vinna hraðar. Ég tel það vera mikilvægt að leikskólar hafi meira svigrúm til þess að ráða fleiri afleysingar inn og ef það er ekki hægt þá þarf að byrja að borga fyrir álagið sem fylgir undirmönnun. Maður hefur heyrt að í grunnskólum fái kennarar val um að taka að sér forfallakennslu og fá greitt fyrir hana, ekki er þetta svona hjá okkur í leikskólanum. Það má því með sannri segja að það þarf að gera stórsókn þegar kemur að leikskólamállum, bæði þegar kemur að vinnuaðstæðum og faglegu starfi.

Mér þykir það frábært að stjórnvöld boði til stórsóknar í menntamálum og að lögð sé áhersla á nýliðun og fjölgun kennaranema. Sérstaklega tek ég því fagnandi að starfsnáminu sé ætlað að undirbúa nemendur frekar undir störf á vettvangi, sem ég tel gríðarlega mikilvægt. Það er þó margt sem þarf að velta fyrir sér í tengslum við þessa leið.

- Af hverju það er svona mikill munur á því að vera læra að verða leikskólakennari og grunnskólakennari? Leikskólakennanemi þarf

að vera fleiri vikur á vettvangi, fær ekki sömu frí t.d. og nemi í grunnskóla (vetrarfrí, jól og páskar). Við erum ráðin í eitt skólaár og fáum fyrir það sömu ECTS einingarnar. Ég er ekkert síðri kennari heldur en stúlkan sem situr mér við hlið í námskeiðum síðastliðin 4 ár, þótt hún sé að læra að verða grunnskólakennari.

- Einnig þykir mér sérkennilegt að dæmi séu um það að starfsnemar í grunnskólum gegni stöðu umsjónarkennara. Mér finnst ekki vera í boði að vera nemi með mannráð. Ábyrgðin sem því fylgir, ætti ekki að vera lögð á herðar nema sem á samkvæmt markmiðum starfsnámsins að fá leiðsögn og undirbúning undir kennarastarfið. Megin markmið og tilgangur starfsnámsins á að vera sá að efla stöðu hans og undirbúa hann fyrir störf á vettvangi þegar að því kemur, til þess að koma í veg fyrir brotthvarf nýliða. Það má því velta því upp hver raunverulegur tilgangur starfsnámsins sé? Eru það markmiðin eða er verið að bjarga kennaraskorti í ákveðnum sveitarfélögum?

En út í aðra sálma, ég tel að við getum gert mun betur þegar kemur að viðhorfi gagnvart ófaglærðum, það eru til fjölmargir flottir og góðir starfsmenn í leikskólum landsins, það er faglærðra og stjórnenda að hvetja þá áfram í nám til að efla þá enn frekar. Hér tala ég af reynslunni.

En það er ekki einungis leikskólinn sjálfur og starfsfólk hans sem getur haft skapandi áhrif í þeim málum heldur eru það sveitarfélögin sem þurfa að grípa boltann og ýta á eftir. Mikið af nemum í dag eru starfandi og fá frí í vinnunni til að geta mætt í lotur, sem eru mikilvægur þáttur af náminu og lærum við þar hluti sem ekki er hægt að læra í gegnum bók eða tölvuna - heldur þurfum að vera í rauntíma. Það getur t.d. haft mikil áhrif að fá greidd laun á meðan að starfsmenn fara í lotur, oft á tíðum eru þetta ca. 4-8 dagar á hverju skólamisseri. Ekkert rosalegur peningur í stóra samhenginu fyrir sveitarfélagið en skiptir sköpum fyrir þennan starfsmann sem er að reka heimili og á kannski ekki maka til að aðstoða sig við útgjöldin.

Það sem mér finnst skemmtilegast við leikskólakennarastarfið er að enginn dagur er eins, ég sem kennari hef áhrif á mótun starfsins og þar að leiðandi nám barnanna. Ég sé mig í mikilvægu starfi, sem skiptir máli í lífi barna og það má því segja að það munar um mig og mína menntun. Börnin fullvissa mig á hverjum degi hversu mikilvæg ég er og hversu mikið ég get kennt þeim með því að vera til staðar, hlusta og leiðbeina þeim. Það er ÉG sem leikskólakennari, sem er að hafa áhrif á nám og líf þessara barna sem ég vinn með. Ég er að kenna félagsleg samskipti, gagnrýna hugsun, skilning og virðingu fyrir náunganum allt í gegnum

leik í þeim tilgangi að gera börnin að virkum þátttakendum í samfélaginu. ÉG get því sagt það með vissu að ég er MIKILVÆG.

Þrátt fyrir að vilja vera jákvæð og bjartsýn og benda á hluti sem verið er að ráðast í er staðreyndin sú að starfsaðstæður þarf að bæta og launin þurfa að hækka. Á meðan launin eru eins og raun ber vitni, verður einungis erfiðara að fá ungt fólk til þess að vilja mennta sig sem kennara. AÐ LOKUM: Það er kominn tími til að samfélagið geri sér grein fyrir því að leikskólinn er raunverulega fyrsta skólastigið sem leggur grunninn að öllu því sem koma skal. Ef ekki verður hugsað um það að halda fagfólkinu í leikskólanum þá gætum við staðið frammi fyrir að leikskólinn, fyrsta skólastigið, breytist í geymslu.